## LÝSING ERINDIS

Erindið er til komið vegna breytinga á samkomusal í kaffihús í gamla Sjálfstæðishúsinu við Strandgötu 29. Húsið sem er tvær hæðir og ris, er timburhús á steyptum sökkli. Klæðningar eru í flokki 1. Fyrirkomulag í veitingasal og eldhúsi helst óbreytt frá fyrri starfsemi, en stigi niður á 1.hæð er fjarlægður og snyrtingum fyrir kaffihúsið komið fyrir á 2. hæð. Eldhúsið er móttökueldhús, þar sem brauð verður smurt, kökur bakaðar og súpur hitaðar, en ekki hefðbundið veitingahúsaeldhús. Á 1.hæð verður áfram verslun í fremra rými við Strandgötu, en í bakrými, þar sem áður voru snyrtingar og fatahengi, verður nú skrifstofuaðstaða. Á 2.hæð verður sem fyrr segir veitingasala, en á þriðju hæð (rishæð) verða skrifstofur. Starfsemi í húsinu er því óbreytt, en lokað hefur verið á milli 1 og 2 hæðar, snyrtingar hafa verið færðar nær veitingasal, og skrifstofuaðstaða komið í stað þeirra.

Áætlaður fjöldi starfsmanna á kaffihúsi er 3-4 á háannatíma, hámarksfjöldi gesta skv. síðasta útgefna veitingaleyfi fyrir staðinn var 49 manns.

ÞAK. Timburþak er á húsinu, klætt með borðaklæðningu og bárujámi. Þakhalli á eldri hluta hússins er 36°, en 6° á anddyri.

ÚTVEGGIR. Útveggir eru úr 150mm timburgrind klæddri borðaklæðningu og bárujárni, einangraðir með 100mm steinullareinangrun.

GLUGGAR. Gluggar eru hefðbundnir timburgluggar með tvöföldu gleri.

SÖKKULL OG GÓLFPLATA. Sökkul og botnplata eru úr steinsteypu, en gólf eru úr timbri.

INNVEGGIR. Innveggir eru úr 100mm timburgrind klæddri spónaplötum eða gipsi. Klæðningar í húsinu eru ekki lakari en í flokki 2.

LAGNALEIÐIR OG NIÐURFÖLL. Hefðbundnir veggofnar eru í öllum rýmum. Inntök veitna í samráði við viðkomandi veitustofnanir. Koma skal fyrir gegnumstreymisniðurföllum í öllum votrýmum íbúðar.

LÓÐARFRÁGANGUR. Frágangur lóðar á lóðamörkum skal unnin í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða.

1. Brunaviðvörunakerfis tengt viðurkenndri vaktstöð í samræmi við ÍST EN 54 og reglur Brunamálastofnunar er til staðar í húsinu.

2. Handslökkvitækjum var komið fyrir í samráði við Eldvarnareftirlit.

3. Flóttaleiðir úr rýmum á jarðhæð eru annars vegar um útidyr við Strandgötu, og hins vegar um útidyr við Gunnarssund. Flóttaleiðir úr veitingasal á 1. hæð eru um aðalinngang við Strandgötu, og um bakdyr á eldhúsi. Flóttaleiðir úr skrifstofum á 2. hæð eru í fyrsta lagi um stiga niður á 1. hæð og þaðan um aðalinngang, í öðru lagi um björgunarop og fellistiga á Norð-vestur gafli.

4. Útljósum og neyðarlýsingu hefur verið komið fyrir í samráði við Eldvarnareftirlit.

5. Reykskynjarar sem tengjast stjórnstöð eru í öllum helstu rýmum.

Samþykkt þann 25 NÓV 2009
Byggingafulltrúinn í Hafnarfirði
F.h. Sigurður Steinar Jónsson




**Grunnmynd 1. hæðar**
mkv. 1:100




**Grunnmynd 2. hæðar**
mkv. 1:100




**Grunnmynd 3. hæðar**
mkv. 1:100

24.11.2009

STÆRÐIR SKV. SKRÁNINGARTÖFLU:

Heildarflatarmál / birt flatarmál: 329,5m2
Heildarrúmmál: 1012,7m3
Skiptarrúmmál: 818,759m3

Lóðarstærð er 344,0m2, nýtingarhlutfall=0,96

**BRUNATÁKN:**

Veggir og hæðaskil með merktri brunamótstöðu. EI-60

Hurðir og gluggar með merktri brunamótstöðu.

Rýmingarleið.

Útljós. ÚT

Stjórnstöð.

HV= Inntak hitaveitu
VV= Inntak vatnsveitu
RV= Inntak rafveitu
S= Inntak síma
LR= Loftræst rými
GNF= Niðurfall
ÞNF= Þakniðurfall

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| aok! VERKSTÆÐI ARKITEKTA<br>VERKSTÆÐI ARKITEKTA ehf - Gunnarssundi 5<br>220 Hfj. - sími: 565 9779 - email: aok@aok.is<br>KÁRI EIRÍKSSON arkitekt FAÍ - kt: 070365-4059 | verk: **STRANDGATA 29 - HFJ.**<br>teikning: **Grunnmyndir og byggingarlýsing** | | | | **0915 201** |
| | blaðstærð: A2 | **AÐALUPPDRÁTTUR** | mkv: 1:100 | hannað: KE / teiknað: KE | dags. 14.sept.2009 |
| | | Öll mál eru í millimetrum. Öll vafaatriði skal bera undir hönnuð. Mælið ekki af teikningum, öll mál athugist á staðnum. Öll afnot og afritun teikningar, að hluta eða í heild, er háð skriflegu leyfi höfundar. | | | prentað 14.sept.2009 |